



Hnoðraholt norður

Velkomin >>>

Fjölbreytt búsetuform

Um háholtið hringast fjölbreytt og vönduð byggð fjölbýlis og sérbýlis með einstöku útsýni. Lögð er áhersla á að íbúar njóti nærliggjandi umhverfis og náttúrugæða með vönduðum almenningrýmum og góðri tengingu við nærliggjandi svæði.





01

Hnoðraholt norður er fyrsti áfangi í uppbyggingu Garðabæjar í Hnoðraholti. Hverfið er í góðri tengingu við nærliggjandi þjónustu og fyrirhugaður leik- og grunnskóli verður staðsettur miðsvæðis í hverfinu.

02

Hnoðraholtið er íbúðahverfi með áherslur á fjölbreyttar húsagerðir sem falla vel að núverandi byggð. Hverfið mun taka mið af anda staðar og þeirra umhverfisgæða sem Hnoðraholtið býður upp á til að tryggja lífsgæði íbúa.

03

Lögð er áhersla á að íbúar njóti þeirra gæða sem einkenna hverfið með tilliti til náttúru og víðáttumikils útsýnis. Stutt er í alla útivist og fjölbreytta íþróttaiðkun, til að mynda í íþróttahúsinu Miðgarði í Vetrarmýri.

04

Hnoðraholtið er einstaklega vel staðsett hverfi þar sem íbúar á öllum aldri geta notið þeirra gæða sem hverfið sjálft og aðliggjandi svæði bjóða upp á. Lögð er áhersla á góðar samgöngutengingar fyrir akandi, hjólandi og gangandi vegfarendur.



Kostir í boði



Einbýlishús

7 lóðir eru skipulagðar fyrir einbýlishús í fyrsta áfanga. Gert er ráð fyrir að þau séu tveggja hæða.

Raðhús

19 íbúðir verða í Hnoðraholti norður í raðhúsum. Gert er ráð fyrir að þau séu tveggja hæða.

Fjölbýlishús við Vorbraut

10 fjölbýlishúsalóðir verða við Vorbraut í fyrsta áfanga. Um er að ræða lítil fjölbýlishús á 3-4 hæðum ásamt sérhæðum þar sem lífsgæði eru höfð í öndvegi.


Parhús

Ein parhúsalóð er í boði í Hnoðraholti norður. Gert er ráð fyrir að þau séu tveggja hæða.





Nálægð við samgönguæðar



Afar stutt er út á stofnbrautir höfuðborgar-
svæðisins frá Hnoðraholti. Lagt er upp með að
gatna- og göngustígakerfi sé einfalt og
auðlæsilegt þannig að gegnumakstur sé
lágmarkaður og öryggi allra vegfarenda sé tryggt
en umfram allt að fólk geti valið sér heppilegan
samgöngumáta sem er sniðinn að þeirra þörfum.
Megin göngutenging frá Hnoðraholti til
núverandi kjarna í Garðabæ verður um tvenn
núverandi undirgöng undir Reykjanesbraut.





Einstakt aðgengi að náttúru Garðabæjar


Einn mesti kosturinn við búsetu í Hnoðraholti er án efa víðáttumikið útsýni til allra átta og nálægð við gönguleiðir í Heiðmörk.



Frábærar
samgönguæðar

Einstök náttúra

Hnoðraholt norður





GARÐABÆR

